

Hávaðamælingar

Látið mæla hávaða á vinnustað

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal atvinnurekandi gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómshættu sem kann að vera bundin við starf þeirra. Í 18. gr. sömu laga segir m.a. að þegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess eða þegar aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til þess, skal atvinnurekandi láta gera rannsókn eða úttekt, ef við á, af sérfræðingum, til þess að ganga úr skugga um hvort starfsskilyrðin fullnægi ákvæðum laganna.

Í reglum nr. 500/1994 um hávaðavarnir og heyrnareftirlit starfsmanna segir m.a. að hávaði við vinnu skuli metinn og mældur ef þörf krefur. Atvinnurekandi sér um skipulagningu og framkvæmd heyrnareftirlits, hávaðamælinga og aðgerða til að draga úr hávaða í samráði við öryggisnefnd eða öryggisvörð og öryggistrúnaðarmann eða trúnaðarmann. Mat eða mæling skal gefa rétta mynd af daglegum hávaða hjá starfsmanni. Laga skal aðferðir og tæki, sem notuð eru, að ríkjandi aðstæðum, einkum með tilliti til hávaðans sem mæla skal, hversu lengi hávaði varir, umhverfispátta og einkenna mælitækjanna. Starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirækisins eða stofnunarinnar skulu taka þátt í matinu og mælingunum.

Efna- og hollustuháttadeild Vinnueftirlitsins er sjálfstæð deild innan stofnunarinnar sem veitt getur fyrirtækjum og stofnunum aðstoð við ofangreindar mælingar. Deildin hefur yfir að ráða þjálfuðu starfsfólki og vönduðum mælitækjum til að mæla m.a. þann hávaðaskammt sem starfsmenn verða fyrir, hávaða frá einstökum vélum eða tækjum, til að tíðnigreina hávaðann og mæla ómtíma (bergmál). Að sjálfsögðu er fyrirtækjum og stofnunum heimilt að leita til annarra aðila sem til þess hafa búnað og þekkingu til að annast slíkar mælingar og úttektir.

Til að fá nánari upplýsingar um þær mælingar og úttektir á hávaða, sem lög og reglur gera kröfur um, svo og fyrirkomulag og kostnað við slíkar mælingar, er hægt að hafa samband við efna- og hollustuháttadeild Vinnueftirlitsins.



VINNUEFTIRLITIÐ

ADMINISTRATION OF OCCUPATIONAL SAFETY AND HEALTH

Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 4610 - vinnueftirlit@ver.is - www.vinnueftirlit.is